

Fréttatilkynning 28. nóvember 2012

## Afkoma Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2012

Afkoma Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 var um 14,5 milljarða króna eftir skatta samanborið við 13,6 milljarða króna fyrstu níu mánuði ársins 2011. Arðsemi eigin fjár var 15,9% samanborið við 17,6% á sama tímabili árið 2011. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 11,9% en var 11,3% á sama tímabili árið 2011. Árshlutareikningurinn fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 er óendurskoðaður.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 22,5% en í lok árs 2011 var það 21,2%.

### Helstu atriði árshlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 14,5 mö.kr. samanborið við 13,6 ma.kr. á sama tímabili árið 2011.
- Hagnaður þriðja ársfjórðungs nam 3,3 mö.kr. samanborið við 3,5 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2011.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 10,9 mö.kr. samanborið við 8,9 ma.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2011.
- Rekstrartekjur námu alls 34,4 mö.kr. samanborið við 34,0 ma.kr. fyrir sama tímabil á árinu 2011.
- Hreinar vaxtatekjur námu 20,1 ma.kr. samanborið við 16,8 ma.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2011, en aukningin er einkum tilkomin vegna stærra lánasafns eftir kaup bankans á íbúðalánasafni frá Kaupþingi.
- Arðsemi eigin fjár var 15,9% en var 17,6% á sama tímabili í fyrra. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 11,9% samanborið við 11,3% á sama tímabili í fyrra.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,3% á tímabilinu samanborið við 3,2% á sama tímabili í fyrra.
- Launakostnaður hækkar um 7% milli ára, m.a. vegna nýs fjársýsluskatts á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja, sem nemur 5,45%.
- Reiknaður tekjuskattur nam 3,4 mö.kr. samanborið við 3,1 ma.kr. á sama tímabili árið 2011, en hlutfallslega hærri tekjuskattur er m.a. tilkominn vegna nýs 6% skatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma.kr.
- Eiginfjárhlutfall var 22,5% samanborið við 21,2% í árslok 2011.
- Lausafjárhlutfall bankans var 31% sem er vel yfir 20% kröfu FME.
- Reiðufjárhlutfall bankans var 18%, en FME gerir kröfu um 5%.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 572,5 mö.kr., samanborið við 561,6 ma.kr. í árslok 2011.
- Heildareignir námu 876,2 mö.kr., samanborið við 892,1 ma.kr. í árslok 2011.
- Eigið fé bankans í lok september 2012 var 128,4 ma.kr. en nam 114,6 mö.kr. í lok árs 2011.

*Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:*

„Afkoma fyrstu níu mánuði ársins er vel viðunandi og í samræmi við okkar áætlanir. Það eru jákvæð merki í rekstrinum. Arðsemi af reglulegri starfsemi bankans þessa fyrstu níu mánuði ársins er um 12% sem er vel ásættanlegt. Enn fremur er uppgjorið nú frekari staðfesting á þeim stöðugleika sem verið hefur í rekstri bankans undanfarin misseri og er okkur mjög mikilvægur.



Bankinn hefur á síðustu mánuðum bætt við nýjum þjónustubáttum sem vel hefur verið tekið af viðskiptavinum okkar. Þar má nefna Startup Reykjavík sem er ætlað frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum, Arion banka appið, bílafjármögnun í samstarfi við FÍB og nýjar lausnir fyrir foreldra í fæðingaorlofi. Við leggjum mikið upp úr því að vera áfram í forystu í vöruþróun á fjármálamarkaði.

Það er mikilvægt fyrir okkur að viðhalda sterku eiginfjárlutfalli en í septemberlok var það 22,5% og er það vitnisburður um fjárhagslegan styrk bankans. Umhverfið verður áfram krefjandi. Enn er nokkur lagaleg óvissa, þótt úr henni hafi dregið. Einnig er óvissa um stöðu stærstu atvinnuvega og fjárfesting hefur ekki náð sér á strik svo nokkru nemi. Þá er margt óljóst um afnám gjaldeyrishafta og áfram blikur á lofti í alþjóðlegu umhverfi. Það er jákvætt að á undanförnum misserum hefur mikill árangur náðst í uppbyggingu bankans og raunar í íslensku efnahagsumhverfi þannig að grunnundirstöður áframhaldandi uppbyggingar eru fyrir hendi“.

*Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.*



## Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	9 mán. '12	9 mán. '11	Mism.	Mism. %
Hreinar vaxtatekjur	20.134	16.836	3.298	20%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	479	3.759	-3.280	-87%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	20.613	20.595	18	0%
Hreinar þóknatekjur	8.053	7.574	479	6%
Hreinar fjármunatekjur	491	348	143	41%
Hreinn gengishagnaður	559	1.979	-1.420	-72%
Aðrar rekstrartekjur	4.643	3.477	1.166	34%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>34.359</b>	<b>33.973</b>	<b>386</b>	<b>1%</b>
Laun og launatengd gjöld	-8.813	-8.221	-592	7%
Annar rekstrarkostnaður	-8.061	-7.554	-507	7%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>17.485</b>	<b>18.198</b>	<b>-713</b>	<b>-4%</b>
Tekjuskattur	-3.375	-3.079	-296	10%
Bankaskattur	-771	-684	-87	13%
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>13.339</b>	<b>14.435</b>	<b>-1.096</b>	<b>-8%</b>
Hreinar tekjur (gjöld) af aflagðri starfsemi	1.198	-787	1.985	-
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>14.537</b>	<b>13.648</b>	<b>889</b>	<b>7%</b>

### Rekstrartekjur

Rekstrartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 námu 34.359 milljónum króna samanborið við 33.973 milljónir króna á sama tímabili 2011. Hækkunin er óveruleg milli ára en einstakir liðir eru þó verulega breyttir.

*Hreinar vaxtatekjur* á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 námu 20.134 milljónum króna, samanborið við 16.836 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Aukningin skýrist einkum af mun stærra lánasafni vegna kaupa bankans á íbúðalánasafni frá Kaupþingi í árslok 2011 og því að samsetning vaxtaberandi eigna og skulda hefur breyst á þann veg að verðtryggð lán hafa hlutfallslega aukist og gefa hærri vexti vegna nokkurrar verðbólgu á tímabilinu. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nemur 3,3% samanborið við 3,2% á sama tímabili í fyrra.

*Hrein breyting á verðmati lána og krafna* fólst í tekjufærslu upp á 479 milljónir króna fyrir tímabilið samanborið við 3.759 milljóna króna tekjufærslu á sama tímabili árið 2011. Líkt og á síðasta ári tengist virðishækkun lána endurskipulagningu lánasafnsins og voru nokkur umfangsmikil mál leidd til lykta á tímabilinu. Virðisbreyting til hækkunar er nær eingöngu til komin vegna útlána til stærri fyrirtækja en virðisryrnun er einkum tilkomin vegna lána til einstaklinga og smærri fyrirtækja.

*Hreinar þóknatekjur* námu 8.053 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 7.574 milljónum króna fyrir sama tímabil árið 2011. Þóknarir af kortastarfsemi og lánastarfsemi eru nokkuð hærri en á sama tímabili í fyrra, sem skýrir að mestu hækkunina milli ára.

*Hreinar fjármunatekjur* námu 491 milljón króna á tímabilinu samanborið við 348 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Verðbréfasafn bankans nam í lok september 2012 um 138 milljörðum króna og því eru ofangreindar virðisbreytingar óverulegar.

*Hreinn gengishagnaður* nam 559 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.979 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Unnið hefur verið markvisst að því að minnka gjaldeyrisójöfnuð bankans síðustu árin og er ójöfnuður bankans kominn niður fyrir 15% af eiginfjárgrunni bankans, sem er í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 4.643 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 3.477 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af



atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá Okkar líftryggingum en þessi félög eru öll dótturfélög bankans. Þá falla jafnframt þar undir virðisbreytingar vegna fasteigna í eigu fasteignafélaga bankans sem skýra að mestu hækkunina milli ára.

### **Rekstrarkostnaður**

Rekstrarkostnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 nam 16.874 milljónum króna samanborið við 15.775 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Kostnaðarhlutfall nam 49,8% fyrir tímabilið samanborið við 52,2% á sama tímabili árið 2011 og kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,5% en var 2,6% á sama tímabili í fyrra.

*Laun og launatengd gjöld* námu 8.813 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 8.221 milljón króna á sama tímabili árið 2011. Stöðugildi á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 voru að meðaltali 1.160 samanborið við 1.248 á sama tímabili árið 2011. Laun og launatengd gjöld hafa m.a. hækkað frá fyrra ári vegna álagningar 5,45% fjársýsluskatts, gjaldfærslna vegna starfsmanna á uppsagnarfresti, ásamt hækkun launa sem er í takt við hækkun launavísitölu sem var tæp 9% milli tímabila.

*Annar rekstrarkostnaður* nam 8.061 milljón króna á tímabilinu samanborið við 7.554 milljónir króna árið 2011. Hækkun kostnaðar er m.a. tilkomin vegna hækkunar eftirlitsgjalda og almennra verðlagshækkana frá fyrra ári.

### **Skattar**

*Tekjuskattur* nam 3.375 milljónum króna samanborið við 3.079 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Virkt tekjuskattshlutfall nam 19,3% á tímabilinu en var 16,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2011.

*Sérstakur skattur á fjármálaþyrtingu* nam 771 milljón króna samanborið við 684 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Aukningin er einkum tilkomin vegna stækkunar á efnahag bankans.

Til viðbótar hafa Arion banki og dótturfélög hans greitt rúmar 400 milljónir króna í fjársýsluskatt sem leggst á laun starfsmanna í fjármálaþjónustu, en skatthlutfallið er 5,45%.

### **Aflögð stafsemi**

*Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi* námu 1.198 milljónum króna samanborið við tap að fjárhæð 787 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Hagnaður bankans vegna sölu á stórum hluta af eignarhlut í Högum á fyrri helmingi ársins 2012 nam 875 milljónum króna. Þá var hagnaður bankans vegna sölu á um 39% hlut bankans í N1 hf. 868 milljónir króna á tímabilinu, en endanlega var gengið frá sölnunni í byrjun júní eftir samþykki eftirlitsaðila. Tap af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans nam 545 milljónum króna á tímabilinu.




## Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir					
<i>Í milljónum króna</i>	<b>30.09.2012</b>	<b>31.12.2011</b>	<b>Mism.%</b>	<b>30.09.2011</b>	<b>Mism.%</b>
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	16.026	29.200	-45%	38.000	-58%
Útlán til lánastofnana	88.007	69.103	27%	60.422	46%
Útlán til viðskiptavina	572.484	561.550	2%	444.074	29%
Verðbréfaeign	137.924	157.659	-13%	174.295	-21%
Fjárfestingareignir	28.171	27.100	4%	26.912	5%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	13.711	23.886	-43%	40.193	-66%
Aðrar eignir	19.922	23.623	-16%	39.156	-49%
<b>Eignir samtals</b>	<b>876.245</b>	<b>892.121</b>	<b>-2%</b>	<b>823.052</b>	<b>6%</b>

Heildareignir Arion banka námu 876.245 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 892.121 milljón króna í árslok 2011. Breytingu á einstökum liðum má m.a. rekja til breytingar í lausafjárstýringu, sem sjá má í lækkun á verðbréfaeign og sölu á yfirteknum eignum í tengslum við skuldauppgjör, en fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi lækka verulega.

### Útlán til viðskiptavina

Útlán til viðskiptavina námu 572.484 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 561.550 milljónir króna í árslok 2011. Útlán hafa því aukist um 10.934 milljónir króna. Aukningin er einkum tilkomin vegna veikingar krónunnar, verðtryggingar og lítilsháttar útlánaaukningar á tímabilinu umfram afborganir. Dreifing útlána er veruleg, þar sem lán til einstaklinga vega þyngst eða um 41%, þá einkum íbúðalán.





## Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 137.924 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 157.659 milljónir króna í árslok 2011.

Verðbréfaeign					
Í milljörðum króna	30.09.2012	31.12.2011	Mism.%	30.09.2011	Mism.%
Skuldabréf	119.697	140.568	-15%	158.549	-25%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	15.860	14.045	13%	14.324	11%
Afleiðusamningar	969	674	44%	1.057	-8%
Verðbréf til áhættuvarna	1.398	2.372	-41%	365	283%
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>137.924</b>	<b>157.659</b>	<b>-13%</b>	<b>174.295</b>	<b>-21%</b>

Arion banki nýtir lausafé sitt m.a. til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og sveiflur í skuldabréfaeign milli tímabila skýrast einkum af því. Breyting á hlutabréfaeign tengist einkum yfirtöku á eignarhlutum í tengslum við skuldauppgjör fyrirtækja, í skráðum og óskráðum bréfum, bæði í íslenskum og erlendum félögum.

## Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir vegna *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 13.711 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 23.886 milljónir króna í árslok 2011. Lækkunin er einkum til komin vegna brotthvarfs BM Vallár ehf. og Pennans á Íslandi ehf. sem dótturfélaga úr eignasafninu sem og að stórir eignarhlutir bankans í Högum hf. og N1 hf. voru seldir. Bankinn vinnur áfram að sölu eftirstandandi eigna og gerir ráð fyrir að þær minnki verulega á árinu 2013.

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	30.09.2012	31.12.2011	Mism.%	30.09.2011	Mism.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	16.459	16.160	2%	30.209	-46%
Innlán frá viðskiptavinum	454.405	489.995	-7%	511.473	-11%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	2.683	4.950	-46%	11.901	-77%
Aðrar skuldir	49.352	47.150	5%	49.617	-1%
Lántaka	192.412	187.203	3%	67.317	186%
Víkjandi lántaka	32.502	32.105	1%	31.875	2%
Eigið fé	128.432	114.558	12%	120.660	6%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>876.245</b>	<b>892.121</b>	<b>-2%</b>	<b>823.052</b>	<b>6%</b>

*Heildarskuldir* námu 747.813 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 777.563 milljónir króna í árslok 2011. Ástæðu lækkunarinnar má einkum rekja til lækkunar innstæðna hjá bankanum, einkum innstæðna aðila sem bundnir eru með innstæður sínar í gjaldeyrishöftum. Á móti kemur að önnur lántaka hefur aukist með nýrri sértryggðri skuldabréfaútgáfu upp á um 5.000 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2012.

## Innlán

*Heildarinnlán* bankans námu 470.864 milljónum króna samanborið við 506.155 milljónir króna í árslok 2011. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 tók einn stærsti innlánseigandi bankans út innstæður sínar í tengslum við uppgjör við erlendan kröfuhafa sinn með aðkomu Seðlabankans og fleiri aðila. Við þessa breytingu telur bankinn að gæði innstæðna hafi batnað og lausafjár- og reiðufjárhlutföll séu nú umtalsvert heilbrigðari en áður. Þrátt fyrir lækkun innlána á síðustu misserum hefur bankinn haldið



sínum hlut á innlánamarkaði í flestum flokkum, það er innlánakerfið í heild sinni sem er að minnka með auknum fjárfestingartækifærum á öðrum sviðum.

### **Lántaka**

*Lántaka* bankans nam 192.412 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 187.203 milljónir króna í árslok 2011. Hækkunin skýrist einkum af nýrri útgáfu á sértryggðum skuldabréfum, bæði verðtryggðum og óverðtryggðum, á fyrri helmingi ársins 2012 upp á um 5.000 milljónir króna. Þá hefur hækkun á vísitölu neysliverðs nokkur áhrif þar sem talsverður hluti skulda bankans er verðtryggður.

### **Víkjandi lántaka**

*Víkjandi lántaka* bankans nam 32.502 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 32.105 milljónir króna í árslok 2011. Breytingin er óveruleg og er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

### **Eigið fé**

*Eigið fé* bankans nam 128.432 milljónum króna í lok september 2012 samanborið við 114.558 milljónir króna í lok ársins 2011. Breytingin er fyrst og fremst vegna hagnaðar á tímabilinu.



## Kennitöluyfirlit

Kennitölur	9 mán. '12	9 mán. '11	Árið 2011	Árið 2010
Arðsemi eigin fjár	15,9%	17,6%	10,5%	13,4%
Arðsemi eigna	2,2%	2,3%	1,4%	1,5%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,3%	3,2%	3,4%	2,7%
Vaxtamunur á heildareignir	3,0%	2,8%	2,9%	2,4%
Kostnaðarhlutfall	49,8%	52,2%	52,5%	54,2%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,5%	2,6%	2,7%	2,2%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	22,5%	21,4%	21,2%	19,0%
Tier 1 hlutfall	17,7%	16,5%	16,4%	15,2%
Útlán sem hlutfall af innlánum	126,0%	80,3%	114,6%	98,5%
Lausafjárlutfall	30,6%	36,0%	34,7%	24,8%
Reiðufjárlutfall	17,7%	16,0%	15,3%	11,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.160	1.248	1.217	1.159
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.177	1.168	1.158	1.241
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	936	870	858	936

### Fjárhagsdagatal 2012 og 2013

Samkvæmt áætlun munu árshluta- og ársuppgjör bankans birtast í neðangreindum vikum. Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.

4. ársfjórðungur 2012	Vika 9 2013
Aðalfundur 2013	Mars 2013
1. ársfjórðungur 2013	Vika 21 2013
2. ársfjórðungur 2013	Vika 35 2013
3. ársfjórðungur 2013	Vika 48 2013